

Samfélagið um líkama Krists

Kvöldmáltíðarsakramentið í Tólfpostulakverinu (*Didache*)

Inngangur

Didache er eitt af merkustu ritum frumkristni.¹ Það er ritað á grísku og er mikilvæg tenging milli annars vegar gyðingdóms og kristindóms og Nýja testamentisins og rita kirkjufeðranna hins vegar. Þótt elstu hlutar þess geti verið frá tímum postulanna eru fræðimenn sammála um að þeir hafi ekki komið að ritun þess, en um höfundinn vita menn ekki neitt. Vegna gyðinglegra einkenna þess eru fræðimenn sammála um skyldleika þess fyrst og fremst við Matteusarguðspjall og ljóst þykir að þessi rit byggji á svipuðum heimildum. Einnig hefur Jakobsbréf verið nefnt í þessu sambandi.² Ekki er þó talið að um bein rittengsl milli þessara rita sé að ræða. Sú kenning hefur verið sett fram að *Didache* byggji að einhverju leyti á Jesúhefð eða Jesúorðum sem ekki sér beinlínis stað í öðrum ritum.³ Sá kristni söfnuður sem stendur á bak við ritið hefur að líkindum ekki enn aðgreinst frá gyðingdómnum heldur verið sérstök hreyfing innan hans.⁴

Þekktast er ritið undir nafninu *Διδαχή τῶν δώδεκα ἀποστόλων* (Kenning postulanna tólf) sem er stytting á upphaflegu heiti þess: *Διδαχή τοῦ κυρίου διὰ τῶν δώδεκα ἀποστόλων τοῖς ἔθνεσιν* (Kenning Drottins til þjóðanna fyrir postulana tólf).⁵ Líta má á fyrri hluta þess sem leiðbeiningakver um rétta breytni fyrir trúnema og síðari kaflana sem lauslega samansetta handbók ungrar kirkju.

Saga ritsins er ævintýri líkust. Það var týnt í margar aldir og kom ekki í leitirnar sem heild fyrr en árið 1873 að gríski erkibiskupinn Filoþeos Bryennios frá Nikodemíu fann það í bókasafni klausturs hinnar helgu grafar í Konstantínópel í handriti dagsettu árið 1057. Árið 1883 gaf hann það út á prenti með skýringum.⁶ Þrátt fyrir að ritið sem heild hafi ekki verið aðgengilegt í margar aldir má gera sér nokkra grein fyrir áhrifum þess því til þess var vitnað og kaflar úr því teknir inn í önnur rit. Það er t.d. birt nokkurn veginn í heild í 7. kafla ritsins *Constitutiones Apostolorum* (*Apostolic Constitutions*) sem samið var á Sýrlandi seint á fjórðu öld. Auk þess er það til í tveimur latneskum þýðingum frá þriðju

¹ Þessa ritgerð tileinka ég kennurum mínum við Angelicum háskólann í Róm þar sem ég var skráður nemandi á vormisseri 2013. Ég þakka vini mínum og frænda Ólafi Hauki Árnasyni sem greiddi götur mínar í Róm í þriggung. Drög að þessari ritgerð urðu til í kyrrlátu umhverfi prestahússins Domus Internationalis Páls páfa VI við Piazza Navona í hjarta Rómarborgar. Einnig þakka ég sr. Sigurvini Jónssyni og dr. Rúnari Má Þorsteinssyni fyrir góðar athugasemdir.

² Það er einkum hin jákvæða afstaða þessara rita til lögmáls gyðinga og fullkomnun þess sem einkennir þau, sjá *Didache* 6.1–2; Matt 11.29–30 og Jak 2.8–11.

³ Jürgen K. Zangenberg, „Reconstructing the Social and Religious Milieu of the Didache“, *Matthew, James, and Didache: Three Related Documents in their Jewish and Christian Settings*, ritsstj. Huub van de Sandt og Jürgen K. Zangenberg, Atlanta: Society of Biblical Literature, 2002, bls. 66.

⁴ Sama heimild.

⁵ Johannes Quasten, *Patrology, The Beginnings of Patristic Literature From the Apostles Creed to Irenaeus*, bindi I, Notre Dame: Christian Classics, 1983, bls. 29.

⁶ F. Bryennios, *Didache ton dodeka apostolon*, Constantinople, 1883.

öld og svo seint sem á 19. öld kom í leitirnar í British Museum koptísk þýðing af hluta þess í papírushandriti frá 10.öld.⁷

Í þessari ritgerð verður sjónum beint að bænunum yfir efnum kvöldmáltíðarsakramentisins sem eru svo frumlegar að telja má til nýsköpunar í helgisiðum um leið og þær eru augljóslega sprottnar upp úr helgihaldi gyðinga. Einkum verður sjónum beint að bæninni yfir brauðinu (*Didache* 9.4) og því margræða myndmáli sem hún býr yfir og leitast við að rökstyðja þá tilgátu að það megi rekja til mettnarfrásögunnar í Jóhannesarguðspjalli og til lýsingar annarrar Mósebókar á manna sem Ísraelsmenn nærðust á á eyðimerkurgöngunni.

Nálgunin sem beitt er í þessari grein, og kalla mætti myndræna túlkun, byggir á því að merking textans felist í táknum sjálfum og innbyrðis tengslum þeirra.⁸ Samhengi (e. *context*) *Didache* er hið sama og í predikun Jesú í Jóhannesarguðspjalli um brauðið; kirkja Krists á jörð er að verða til og Kristur er hið himneska brauð. Ég leitast við að finna tengsl tákanna í myndmálinu og beita ekki textagreiningunni þannig að hún rjúfi þá framvindu sem þar er að finna. Tákmyndirnar lifa í textanum og „mynda“ heild með honum, en eru ekki eingöngu viðbót eða viðhengi við texta. Ekki er hægt að útiloka að tvær eða fleiri myndir renni saman í eina og þá getur verið um tilfærslu að ræða (e. *displacement*) sem er fremur sálfræðilegt fyrirbæri en textafræðilegt. Tákmyndirnar hafa stærra hlutverki að gegna en að vera stuðningur fyrir þá sem eru ólæsir á textann og færa má rök fyrir því að þær séu oft frumlægar (e. *primary*) en textinn í áður nefndri heild geti verið viðbót eða viðhengi (e. *secondary*) sem ofið er utan um eða þrjónaður við tákmyndirnar. Þegar vínið er blessað og brauðið brotið og þess neytt í trúarathöfninni þjappast (e. *condensation*) tákmyndirnar saman í stutta en hnitmiðaða texta eins og í *Didache* 9. 2 og 4.⁹ Þegar aðstæður safnaðarins breytast og leitast er við að skapa texta sem hefur almennt gildi og getur átt við breytilegar aðstæður „gleymist“ upphaflegi textinn eða honum er hafnað.

Innihald ritsins

Ritið skiptist í 16 kafla. Fyrstu sex kaflarnir eru eins konar siðfræðilegt lærdómskver um muninn á milli hins góða og rétta lífsvegs kristins manns og hins slæma, sem leiðir til glötunar og dauða. Sjöundi kaflinn inniheldur leiðbeiningar um skírnatferlið og áttundi kaflinn er um föstur. Í níunda kaflanum er fjallað um kvöldmáltíðarsakramentið, neyslu brauðs og víns og bænirnar sem beðnar eru við athöfnina. Í kafla tíu er áfram fjallað um þakkargjörðina, en þá er komið að því að allir eru mettir.

Ellefti kaflinn fjallar um postula og spámenn og tólfti kaflinn inniheldur leiðbeiningar til safnaðanna um hvernig á að taka á móti gestum og hvaða réttindi og skyldur spámenn og farandpredikarar hafa og í þrettánda kaflanum er fjallað nánar um stöðu spámanna. Áherslan á þessi atriði gæti bent til þess að kaflinn sé tilkominn rétt eftir fall musterisins í

⁷ Johannes Quasten, *Patrology*, bls. 37–38.

⁸ Höfundur hefur beitt þessari aðferð við greiningu á biblíulegum stefnum í Völuspá, „Manifest and Latent Biblical Themes in Völuspá“, *The Nordic Apocalypse. Approaches to Völuspá and Nordic Days of Judgement*, ritstj. Terry Gunnell og Annette Lassen, Aberdeen: Brepolis, 2013, bls. 185–205; Sjá einnig Þórhallur Eyþórsson, *Aldurnari*, fyrirlestur á málþingi um Norrænan dómssdag í Þjóðminjasafninu 18. janúar 2014 (væntanlegt í ráðstefnuriti).

⁹ Hugtökin eru fengin úr djúpsálarfræði og sálgreiningu Sigmundar Freuds, nánar tiltekið greiningu hans á draumum, *The Interpretation of Dreams* [1900] 1976, London: Penguin Books; Sjá einnig David Wulff, *Psychology of Religion. Classic and Contemporary*, New York: John Wiley & Sons, 2. útg., 1997, bls. 269–276.

Jerúsalem árið 70 þegar gyðingar og kristnir flúðu borgina og leituðu annað með starfsemi sína. En hvað sem því líður er ljóst að fólk er að koma og fara og því hreyfing á og í þeim söfnuði sem þessi kafla vísar til.

Í 14. kafla er fjallað um syndajátningar, iðrun og yfirbót og í 15. kafla um val á biskupum og djáknum. Lokakaflinn fjallar svo um endalok heims og endurkomu Krists og leiðbeiningar og hvatningar í því sambandi.

Ritunartími og staður

Ekki eru fræðimenn á eitt sáttir um ritunartíma *Didache*, en flestir telja að það hafi verið ritað einhvern tíma á bilinu 70–150. Af innihaldinu má reyna að geta sér til um ritunartíma einstakra kafla. Til eru þeir fræðimenn sem segja að sumt af því efni sem þar er að finna gæti verið upphafi sjötta áratugarins e. Kr. Fáir ef nokkrir telja þó að ritið sem heild sé frá þessum tíma heldur að ýmsu gömlu og nýju efni hafi verið safnað saman og sé efnið því tilkomið á ólíkum tímum þótt það hafi e.t.v. ekki verið sett saman í eitt rit fyrr en um miðja aðra öld.¹⁰

Ljóst er að í því samhengi sem *Didache* er sprottið úr er enn við lýði að hafa kvöldmáltíðarsakramentið í tengslum við raunverulega máltíð, þ.e.a.s. kærleiks- (*agape*) máltíð, en það tíðkaðist a.m.k. sums staðar fram á miðja aðra öld. Kenning kirkjunnar hefur ekki verið skilgreind í játningaritum né heldur að ritsafn Nýja testamentisins verið komið á hreint.¹¹ Niðurdýfingarskírni í rennandi vatni er ríkjandi hefð eins og meðal hinna fyrstu kristnu, en vatnsaustur í nafni heilagrar þrenningar er að ryðja sér til rúms og er talið réttmætt atferli þegar niðurdýfingu var ekki við komið.¹² Þetta bendir til þess að ritið fjalli um viðfangsefni annarrar kynslóðar kristinna manna því postularnir eru horfnir af sjónarsviðinu og eftirmenn þeirra hafa tekið við. Það var nauðsynlegt að samræma trúfræðsluna og koma skikkan á atferlið við sakramentin og skipulag safnaðarstarfsins, draga fram aðalatriðin og það sem einkenndi kristna söfnuði í fjöltrúarlegu samhengi heimsveldisins.

Í þessu sambandi má einnig geta þess að embættisskipan safnaðanna og miðstýring kirkjunnar er ekki komin á hreint því ýmist er talað um biskupa (*ἐπίσκοπος*) og djákna (*διάκονος*) sem leiðtoga safnaðanna og einnig er talað um kennara (*διδάσκαλος*) (k.13) en verkaskiptingin milli þeirra er ekki ákveðin. Starf hinna ýmsu safnaða er enn háð spámönnum (*προφήτης*) og predikurum sem ferðast um og þjóna þeim og í ritinu eru settar fram ákveðnar reglur um réttindi þeirra og skyldur (k.11). Karismatískir einstaklingar og spámenn og hugsanlega konur gegna enn lykilllutverki. Þeir biðja bænirnar yfir sakramentunum og eiga rétt á tíund af tekjum safnaðarfólks. Þegar þeir tala má ekki gagnrýna þá því það væri synd gegn heilögum anda vegna þess að það er dómur Guðs sem gengur fram af munni þeirra (k. 11.11).

¹⁰ Johannes Quasten, *Patristics*, bls. 36–37.

¹¹ Sama heimild.

¹² Sama heimild.

Kraftur hvítasunnunnar er enn að verki og kirkjulegt skrifræði hefur enn ekki festst í sessi og kristnir menn enn í nánnum tengslum við gyðinga eins og orðalag bænanna í kafla 9 sýna. Mazza telur að orðalagið „heilagt vín Davíðs“ megi rekja til helgihaldsins fyrir postulafundinn í Jerúsalem sem talinn er hafa átt sér stað snemma á sjötta áratugnum.¹³ Ef svo væri gætu bænirnar verið eldri en guðspjöllin og jafnvel eldri en bréf Páls postula. Önnur ákvæði, eins og fösturnar (7.4 og 8.1) benda til þess að átök eigi sér stað og kristnir menn séu að marka sérstöðu sína.¹⁴ Einnig gæti verið að föstuákvæðin séu síðar til komin en bænirnar.

Markúsarguðspjall er talið ritað um 70 e. Kr. og þar er vísbending um aðstæðurnar sem kristnir í Jerúsalem lifðu við, sem sé að Rómverjar töldu þá með gyðingum og ofsóttu þá. Þeir urðu því að flýja eins og gyðingarnir sem horfðu upp á að borgin var hernumin og musterið vanhelgað. Í sambandi við *Didache* 9.4 er einkar athyglisvert að talað er um fjöllin í Markúsarguðspjalli 13.14: „En þegar þér sjáið viðurstyggð eyðileggingar standa þar, er ekki skyldi — lesandinn athugi það — þá flýi þeir, sem í Júdeu eru, til fjalla.“¹⁵ *Didache* horfir til baka og þráir endurreisn borgarinnar og mustersins og biður Guð að reisa hvort tveggja við.

Hugmyndir fræðimanna um ritunarstað byggja um margt á vangaveltum um aldur ritsins. Flestir hallast að Antíókkíu í Sírylandi. Þar er talið að Matteusarguðspjall hafi orðið til.¹⁶ Líklegt er að gyðing-kristnir hafi sest þar að í auknum mæli eftir fall mustersins árið 70.

Á móti þessu mælir að vísanir í bréf Páls er ekki að finna í *Didache*, en þeim var safnað saman í Antíókkíu og þar var trúboðsmiðstöð Páls. Þess vegna hafa sumir nefnt Alexandríu í Egyptalandi sem líklegri ritunarstað enda voru þar ýmsir kristnir rithöfundar sem greinlega þekktu til *Didache*. Í bréfi Ignatíusar biskups í Antíókkíu frá því um 110 kemur fram mikil áhersla á skipulag kristins safnaðar þar sem biskup er efstur í stjórnkerfinu, síðan prestar og þar næst djáknar, en þetta rímar illa við þá lausung varðandi embættin sem *Didache* endurspeglar.¹⁷ Við þessar hugleiðingar mætti bæta við einni tilgátu enn, sem sé þeirri að ritunarstaðurinn sé Jerúsalem. Eftir að Rómverjar sigruðu borgina og lögðu musterið í rúst árið 70 snéri nokkur hópur kristinna manna aftur til borgarinnar og hafðist þar við þar til hún var endanlega útmáð eftir Bar Kochba byltinguna árið 135. Það gæti verið að söfnuður þar hefði haldið fast við gyðing-kristin minni.

Í aðstæðum flóttamanna lifna textar spámannanna um refsingu Drottins og dreifingu þjóðarinnar við og fá nýtt líf. Sverð Drottins slær hirðinn, hjörðin tvístrast (Sak 13.7) og úlfarnir hremma hana (Jóh 10.12). Um leið vaknar þráin eftir því að hinum útvöldu, þ.e. kirkjunni, verði safnað saman að lokum. *Didache* 9.4 virðist endurspeglar þessar aðstæður.

¹³ Enrico Mazza, *The Origins of the Eucharistic Prayer*, Minnesota: The Liturgical Press, 1995, bls. 36.

¹⁴ Jürgen K. Zangenberg, „Reconstructing“, bls. 69.

¹⁵ Frank C. Senn, *The Peoples Work. A Social History of the Liturgy*, Minneapolis: Fortress Press, 2006, bls.12.

¹⁶ Frank C. Senn, *Christian Liturgy. Catholic and Evangelical*, Minneapolis: Fortress Press, 1997, bls. 62.

¹⁷ Frank C. Senn, *Christian Liturgy*, bls. 62.

Atferlið og bænirnar við kvöldmáltíðarsakramentið í *Didache* — íslensk þýðing.¹⁸

9. 1. Varðandi þakkargjörðina skuluð þér fara þannig að: 2. Fyrst varðandi bikarinn: „Vér þökkum þér, faðir, fyrir hið heilaga vín Davíðs þjóns þíns, sem þú gerðir okkur kunnugt fyrir son þinn Jesú; þér sé dýrð að eilífu.“ 3. Og varðandi brauðið sem brotið hefur verið: „Vér þökkum þér faðir vor fyrir lífið og þekkinguna, sem þú hefur veitt oss fyrir Jesú, son þinn. Þér sé dýrð að eilífu. 4. Eins og hinu brotna brauði var dreift um fjöllin og síðar, er því var safnað saman, varð eitt, þannig verði kirkjan þín ein, samansöfnuð frá endimörkum jarðar í ríki þitt. Því þín er dýrðin og mátturinn fyrir Jesú Krist að eilífu.“ 5. En leyfið engum að eta eða drekka af þakkargjörð ykkar nema þá sem eru skírðir í nafni Drottins, því um þetta mælti Drottinn: „Gefið hundunum ekki það sem heilagt er.“

10.1. Eftir að þér eruð mettir, þá færið þakkið á þennan hátt: 2. „Vér þökkum þér ó heilagi faðir fyrir þitt heilaga nafn sem þú hefur búið stað í hjörtum vorum og fyrir þekkinguna og trú og ódauðleika, sem þú hefur kunngjört okkur fyrir Jesú son þinn. Þér sé dýrð að eilífu. 3. Þú, almáttugi Drottinn hefur skapað alla hluti sakir þíns heilaga nafns, fæðu og drykk svo menn megi njóta og þakka þér, en oss hefur þér þóknast að gefa andlega fæðu og drykk og eilíft líf fyrir son þinn. 4. Framar öllu þökkum við þér vegna þess að þú ert máttugur. Þér sé dýrð að eilífu. 5. Mundu Drottinn kirkju þína og frelsaðu hana frá öllu illu og gerðu hana fullkonna í kærleika þínum og safna henni saman í heilagleika þínum frá hinum fjórum áttum vindanna í ríki þitt eins og þú hefur fyrirhugað henni. Því að þinn er mátturinn og dýrðin að eilífu. 6. Komi náð þín og hverfi þessi heimur. Hósianna, dýrð sé Drottinni Davíðs. Sérhver heilagur komi! En þeir sem ekki eru það iðrist: Maran atha, Amen.“ 7. Látið spámennina fara með þakkarbænina svo sem þeir óska.

14. 1. Komið saman á degi Drottins til að brjóta brauðið og færa þakkið eftir að hafa gert yfirbót svo fórn yðar verði óflekkud; 2. En látið enga sem ósáttir eru við náunga sinn taka þátt í samfélagi yðar fyrr en þeir hafa iðrast svo þeir skaði ekki fórn yðar. 3. Því þetta sagði Drottinn, „á öllum stöðum og tímum færið mér hreina fórn, því ég er mikill konungur“, sagði Drottinn, „og menn óttast nafn mitt meðal heiðingjanna“.

Arfur úr sögu Ísraelsþjóðar

Þakkarbænir kristinna safnaða yfir brauði og víni voru teknar að erfðum frá helgihaldi gyðinga í heimahúsum, sýnagógum og musterinu í Jerúsalem. Tengslin þarna á milli eru flókin og margbrotin og eru í raun hluti af útbreiðslusögu kristindómsins og þróun í átt til sjálfstæðra trúarbragða.¹⁹ *Didache* verður til í þann veginn eða líklega rétt áður en kristinn söfnuður yfirgefur samkomuhús gyðinga.²⁰

Ekki er hægt að fullyrða um það hvort síðasta kvöldmáltíð Jesú með lærisveinum sínum hafi verið páskamáltíð, þ.e. haldin í upphafi hvíldardagsins sem hófst að kveldi föstudags eða daginn áður. Samstofnaguðspjöllin halda hinu fyrra fram, en Jóhannesarguðspjall, sem tímasetur krossfestinguna á föstudeginum, um sama leyti og lömbunum var fórnað í musterinu, gerir ráð fyrir að kvöldmáltíðin hafi átt sér stað daginn áður (Jóh 13.1). Líklega var ekki hefðbundinn páskamatur á borðum við síðustu kvöldmáltíðina, þ.e. lambakjöt og beiskar urtir. En brauð og vín var haft um hönd, helgað og þakkað og Jesús heimfærir atferlið og merkingu þess upp á sjálfan sig og messíasarhlutverkið.

Í upphafi hafa Jesús og lærisveinar hans farið með hefðbundnar bænir, *Kiddush*, sem alltaf voru sagðar í upphafi máltíðar þar sem þakkað var fyrir sköpun Guðs og fæðuna. Jesús hefur einnig farið með *berakah*, blessunarorð yfir bikarnum og brauðinu en efni þeirra fór eftir tilefninu. Lokabænirnar og bænin yfir bikar blessunarinnar, *Birkat ha-Mazon*, skírskotar til eftirfarandi fyrirmæla í Fimmtu Mósebók 8.10: „Og þegar þú hefur etið og ert orðinn mettur, þá skalt þú vegsama Drottin Guð þinn fyrir landið góða, sem hann gaf þér.“

¹⁸ Hér er byggt á íslenskri þýðingu Arngríms Jónssonar, en einnig á frumálinu og enskri þýðingu í *The Apostolic Fathers*, með þýðingu Kirsopp Lake, bindi I, London: William Heinemann, 1977, bls. 308–333. Orðalag bænanna sjálfra er innan gæslalappa.

¹⁹ Frank C. Senn, *The Peoples Work*, bls. 9–21.

²⁰ Jürgen K. Zangenberg, „Reconstructing“, bls. 56.

Í þessu bænahaldi er gert ráð fyrir innskotum og skýringum (*embolism*) sem fara eftir aðstæðum, helgum og hátíðum og það hefur gefið Jesú tækifæri til þess að umskapa þessa gyðinglegu athöfn um leið og hann leggur grundvöll að guðsþjónustu kristins safnaðar. Stofn *Birkat ha-Mazon* er þannig:

„Blessaður sért þú ó Drottinn, Guð, konungur alheims, sem gefur heiminum öll gæði af náð og miskunn. Blessaður sért þú, ó Drottinn sem fæðir alla.

Við þökkum þér ó Drottinn fyrir góða landið sem þú hefur gefið okkur, fyrir sáttmálann, lögmálið, lífið og fæðuna. Fyrir þessa hluti alla þökkum við þér og lofum nafn þitt að eilífu. Blessaður sért þú ó Drottinn fyrir landið og fæðuna.

Miskunna þig ó Drottinn, Guð, yfir þjóð þína Ísrael og yfir borg þína Jerúsalem, musteri þitt, bústað þinn og hvíldarstað á Síon og yfir hinn mikla helgidóm sem nafn þitt yfirskyggir. Endurreis á okkar dögum konungsveldi Davíðs á réttum stað og Jerúsalemborg. Blessaður sért þú ó Drottinn, sem reisir Jerúsalem.“²¹

Eftir kvöldmáltíðina sungu Jesús og lærisveinarnir lofsönginn, 113.–118. sálm Davíðs (Matt 26.30).

Kristnir menn yfirfærðu bænirnar fyrir þjóðinni, borginni og musterinu yfir á hinn kristna söfnuð. Kvöldmáltíðarsakramentið brúar bilið milli dauða Jesú Krists og endurkomu hans, dauða hans er minnst með framtíð kirkjunnar í huga.

Í upphafi þakkarbænarinnar í tíunda kafla *Didache* er sagt: „Eftir að þið eru mettir“ og þar er því augljóslega verið að vitna í 5Mós 8.10. Þess vegna telur Enrico Mazza að þakkarbænirnar í níunda kafla *Didache* séu inngangsbænir, *Kiddush*, en í kafla tíu sé um að ræða *Birkat ha-Mazon*.²²

Í kristni varð það snemma síður að fara fyrst með bæn yfir brauðinu og síðar víninu, en í *Didache* er bæði beðið yfir bikarnum í upphafi máltíðar og í lokin. Í Lúkasarguðspjalli (22. 17–20) er beðið yfir bikarnum á undan og einnig í leiðbeiningum Páls postula til safnaðarins í Korintu (1Kor 10.16–17). Í lok athafnarinnar sem lýst er í tíunda kafla *Didache* er þriðja þakkarbænin sem gera verður ráð fyrir að hafi verið yfir bikar blessunarinnar. Miðað við *Didache* verður þróunin sú að þakkargjörðin takmarkast við aðra (9.4) og þriðju bænina (10.1–6) og þá er komin hin hefðbundna regla (brauðið fyrst og svo bikarinn) sem ríkt hefur í kristninni.²³

Kvöldmáltíðarsakramenti eða kærleiksmáltíð?

Fræðimenn greinir á um það hvort bænirnar í níunda og tíunda kafla *Didache* séu eiginlegar sakramentisbænir þar sem Kristur gefst söfnuðinum eða borðbænir við kærleiksmáltíð sem var sameiginleg máltíð kristins safnaðar þar sem ekki var skírskotað til líkama og blóðs Krists. Þannig fullyrðir Arngrímur Jónsson, eftir að hafa kynnt sér skoðanaskipti sérfræðinga um þetta atriði, að bænirnar eigi ekki við heilaga kvöldmáltíð, heldur séu þær almennar bænir við kærleiksmáltíð og nefnir því til stuðnings að ekki sé vitnað til innsetningarorða Krists við síðustu kvöldmáltíðina.²⁴ Það eru þó vart haldbær rök þegar betur er að gáð. Fyrir það fyrsta er orðið evkaristia, (gr. *εὐχαριστία*) notað í ritinu sjálfu yfir athöfnina. Í öðru lagi, þá var það svo, eins og Arngrímur bendir sjálfur á, að

²¹ Þýtt eftir enskum texta í Frank C. Senn, *Christian Liturgy. Catholic and Evangelical*, bls. 57.

²² Enrico Mazza, *The Origins*, bls. 16–34; Sjá einnig M. Dibelius, „Die Mahl-Gebete der Didache“, *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft* 1/1938, bls. 32–41.

²³ Enrico Mazza, *The Origins*, bls. 30–33.

²⁴ Arngrímur Jónsson, *Litúrgía. Þattir úr sögu messunnar*, Reykjavík: Bjartur, 2007, bls. 27. Sjá einnig Enrico Mazza, *The Origins*, bls. 15–16.

forstöðumenn safnaða hafa kunnað innsetningarorðin utanbókar og vitað hvar þau voru sögð og því ekki nauðsyn á því að hafa þau með í þessum handbókardrögum, sem hvorki voru samræmd né endanleg. Í þriðja lagi má svo nefna það að dauða Jesú er yfirhöfuð ekki getið í ritinu sem gæti bent til þess að söfnuðurinn eða samfélagið á bak við ritið væri enn í áfalli vegna hans,²⁵ eða það væri ekki við hæfi að nefna hann í því gyðinglega samfélagi sem það var hluti af. Þetta gæti bent til þess að bænirnar í *Didache* væru mjög gamlar.

Þar sem atferlið og bænirnar í 10. kafla gera ráð fyrir að allir séu mettir telja sumir fræðimenn að í níunda kaflanum sé verið að tala um þakkargjörð sem haldin var á páskadagsmorgni eftir skírn trúnema enda kemur sá kafli í beinu framhaldi af umfjölluninni um skírn og föstur. Ef þetta er rétt væri bænin í 10. kaflanum og lýsingin á sunnudagssamkomunni í 14. kaflanum ekki hluti kærleiksmáltíðar heldur kvöldmáltíðarsakramentisins í samkomu sunnudagsins, guðsþjónustunni. Það sem styður þessa tilgátu er að í 14. kafla eru gerðar meiri kröfur til þeirra sem taka þátt í þakkargjörðinni. Þeir mega ekki vera ósáttir við náunga sinn og verða að iðrast synda sinna. Í 10. kaflanum er guðfræði endaloka heims og endurkomu Krists (*parousia*) greinilegri en í kaflanum á undan. Einnig er hugsanlegt að kafli 9 lýsi eldra atferli en kafli 10 þar sem aðgreining á milli kærleiksmáltíðar og heilagrar kvöldmáltíðar hefur átt sér stað.

Eins og áður var bent á var gert ráð fyrir því að hægt væri að skjóta inn viðbótum (*embolism*) í þakkarbænirnar og gera má ráð fyrir söfnuðirnir þar sem farið var eftir *Didache* hafi farið með innsetningarorðin þótt þeim hafi verið sleppt í ritinu sjálfu. Innsetningarorðin eru ekki nákvæmlega eins í Nýja testamentinu (hjá Markúsi, Matteusi, Lúkasi og í fyrra Korintubrési) og þau eru með ýmsum hætti í öðrum fornum textum og þannig hefur „handbókin“ hugsanlega gert ráð fyrir að orðalag þeirra væri mismunandi og viljað gefa forstöðumönnum tækifæri til að notast við það orðalag sem var ríkjandi á hverjum stað. Í Austur-sýrlensku kirkjunni voru insetningarorðin ekki með í heilagri kvöldmáltíð safnaðarins þannig að ritun þeirra í helgítexa hefur ekki alls staðar verið túlkuð sem forsenda hennar.²⁶

Það verður að teljast líklegt að í kafla 9 og 10 sé verið að lýsa fyrstu altarisgöngu skírnarþega vökuna fyrir páskadag.²⁷ Þakkargjörðin í *Didache* kemur í framhaldi af fyrirmælum um skírnaratferlið og það bendir til þess að verið sé að fjalla um sakramentin tvö. Í tíunda kaflanum er skýrt tekið fram að óskírðum sé ekki heimil þátttaka í þakkargjörðinni og það rennur enn frekar stoðum undir þá kenningu að um útteilingu kvöldmáltíðarsakramentisins sé að ræða.

Litúrgísk nýsköpun

Bænirnar yfir brauðinu og víninu í níunda kafla *Didache*, nánar tiltekið versí 2 og 4, er gott dæmi um frjóa litúrgíska hugsun í knöppum helgítexum fyrstu kristnu safnaðanna. Þær byggja á stefjum úr ýmsum öðrum helgítexum gyðinga og ritum sem kristnir menn lásu á

²⁵ Gordon Lathrop, *The Four Gospels on Sunday. The New Testament and the Reform of Christian Worship*, Minneapolis: Fortress Press, 2012, bls.57.

²⁶ John Klentos, „Eucharist, Eastern Churches“, *The New SCM Dictionary of Liturgy and Worship*, ritstj. Paul Bradshaw, London: SCM Press, 2002, bls. 173–175.

²⁷ Johannes Quasten, *Patrology*, bls. 33; Frank C. Senn, *Christian Liturgy*, bls. 57.

samkomum sínum og sendu sín á milli. Á hnitmiðaðan hátt túlka þær það sem Kristur sagði og gerði við síðustu kvöldmáltíðina og markmið er að skapa tilfinningu fyrir nálægð hans og staðfesta þann grunn safnaðar hans, kirkjunnar, sem lagður var við þá athöfn. Kjarni myndmálsins er að Jesús Kristur sem var þeim Guð og frelsari, sem uppfyllti með fæðingu sinni í mannheim (holdtekjunni), lífi sínu, táknum og predikun og með dauða sínum og upprisu fyrirheitin sem Guð gaf Ísraelsþjóðinni í öndverðu. Textinn verður til á þeim tíma sem kristnir menn vænta endaloka heimsins og endurkomu Krists á næsta leiti. Orð Krists yfir brauðinu sem hann braut við síðustu kvöldmáltíðinni innsigla þetta. Þetta borðhald fullkomnast svo í veislunni á himni sem skírskotað er í Opinberunarbók Jóhannesar og hann kallar brúðkaup lambsins. Fyrir frumsöfnuðina er endurkoma Krists mikilvæg því þá fullkomnast lífið í Kristi.

Davíð konungur, ætt hans og afrek eru rauði þráðurinn í frelsunarsögu hinnar útvöldu þjóðar og hann yfirlýstur þjónn Guðs í þessu frelsunarverki (2Sam 3.18). Það var því ekki framandi gyðing-kristnum mönnum að vísa til hans, enda samsamaði Jesús sig Davíð varðandi það hlutverk sem Guð hafði fengið honum eins og best sést á því hvernig hann notar og leggur út af Davíðssálmum.²⁸ Vínið gat verið táknið um velgjörning Guðs við þjóðina útvöldu.²⁹ Í þessu sambandi má minna á að fyrsta táknið sem Jesús gerir er þegar hann breytir vatni í vín. Eins og síðar verður fjallað um er guðfræði og sérstaklega kristsfræði *Didache* náskyld Jóhannesarguðspjalli og þar talar Jesús um sig sem hinn sanna vínvið og lærisveina sína sem greinarnar (Jóh 15.5).

Í *Didache* 9.4 má greina fimm myndir eða líkingar,³⁰ sumar þeirra, nánar tiltekið tvær, eru augljósari en aðrar og virðast falla betur en hinar að markmiði og samhengi textans. Mikilvægt er að mínu mati að þessar ólíku myndir og líkingar styðja að ýmsu leyti hver aðra og gefa þannig fyllri mynd sem heild. Þær hverfast á einn eða annan hátt um dreifingu (sbr. grísku sögnina *διασκορπίζω*) og söfnun (sbr. grísku sögnina *συνάγω*). Spurningarnar eru: hverju er dreift og hverju er safnað saman, hvar, í hvaða samhengi og í hvaða tilgangi. Þessi fimm mótíf eða myndir eru eftirfarandi: 1) Sáning, uppskera og brauð; 2) Hjörð og hirðir; 3) Manna, brauð af himni; 4) Mettunarfrásögn guðþjallanna; 5) Predikun Jesú. Harald Riesenfeld, skrifar um þennan texta og fjallar um fjórar af þessum víddum,³¹ en dvelur ekki nægilega við manna, brauðið af himni, sem virðist liggja beint við að taka mið af í þessu samhengi.

Sáning og brauð

Það liggur að mörgu leyti beinast við að styðjast við myndmál uppskerunnar í túlkun á *Didache* 9.4 vegna þess hve gegnumgangandi það er í líkingamáli Biblíunnar. Orði Guðs er líkt við sáðkorn og útvalinni þjóð við útsæði. Hér er um að ræða grundvallarlíkingu sem Kristur notar sjálfur um sig og lærisveina sína og heimfærir upp á trúaða, söfnuðinn og kirkjuna í fyllingu tímans. Kristur kemur til uppskerunnar á dómsdegi og þá er kornið skilið frá illgresinu, safnað í hlöður og aðgreint í þreskingunni frá hisminu sem verður

²⁸ Samuel Terrien, *The Psalms. Strophic Structure and Theological Commentary*, Cambridge: Eerdmans, bls. 62–64.

²⁹ Enrico Mazza, *The Origins*, bls. 37.

³⁰ Harald Riesenfeld, „Das brot von den Bergen. Zu Did. 9,4.“ *Erano* 2/1956, bls. 142–151.

³¹ Sama heimild, bls. 142–150.

brennt.³² Jóhannes skírari boðar þetta áður en hann skírir Jesú: „Hann er með varp-skófluna í hendi sér og mun gjörhreinsa láfa sinn og safna hveiti sínu í hlöðu, en hismið mun hann brenna í óslökkvanda eldi“ (Matt 3.12; sbr. 9.37–36, 13.30 og 39; Jóh 4.35 og áfram).

Í þeirri táknmynd sem hér um ræðir felst samt vandamálið sem er tengingin milli sáningar og brauðs sem hefur verið bakað. Þetta gerir það að verkum að mótífið getur ekki eitt og sér nægt til að túlka textann. Það er eins og hér séu tvö þemu í gangi í einu, annars vegar sáning og uppskera og hins vegar brauðgerð, frá þreskingu til þess að bakað og brotið brauð liggur fyrir. Það eitt og sér að sáning ætti sér stað á fjöllum eða hæðum er annarlegt, þótt ekki sé það útilokað. Til eru fræðimenn sem hafa getið sér þess til að sáning á hæðum hafi getað átt sér stað í Palestínu og á Sýrlandi þar sem landfræðilegar ástæður gætu leyft slíka kornrækt og bendi það til þess að þar hafi textinn verið settur saman.³³ Annað atriði sem ekki gengur upp í þessu myndmáli er að því sem er dreift um fjöllin er ekki sáðkorn heldur brauð sem þegar er bakað og hefur þess utan verið brotið. Dreifingin gæti verið tengd brotningunni sjálfri og þar með útteilingu brauðsins og þetta vísar í aðra mynd, þ.e. metnunina á fjallinu sem gert verður grein fyrir hér neðar.

Hirðir og söfnuður

Myndin af hirði og söfnuði, snýst eins og sáning og uppskera um dreifingu og söfnun. Hún var ekki síður algengt stef í gyðinglegum textum á tímum Jesú. Dæmin um söfnuð og hirði sem sameinar eru mörg bæði í Gt. og Nt. Nægir að nefna Davíðssálm 23, „Drottinn er minn hirðir.“ Bæði uppskera og smölun tengjast hugmyndum um lok tímanna, annars vegar með vísun í þreskingu og hins vegar í sameiningu útvalinna.

Beinast liggur við að tengja *Didache* 9.4 og 10.2 við Jóel 3.5–8: „Og hver sem ákallar nafn Drottins, mun frelsast. Því á Síonsfjalli og í Jerúsalem mun frelsun verða, eins og Drottinn hefur sagt, meðal flóttamannanna, sem Drottinn kallar. Sjá á þeim dögum og í þann tíð, er ég sný við högum Júda og Jerúsalem, vil ég saman safna öllum þjóðum og færa þær ofan í Jósafatsdal og ganga þar í dóm við þær vegna lýðs míns og arfleifðar minnar Ísraels, af því að þeir hafa dreift henni meðal heiðingjanna og skipt sundur landi mínu.“ Auk þess að skírskota til dreifingar þjóðarinnar, söfnun hennar og frelsunar í Jerúsalem, er hér vísað í hið heilaga nafn Drottins (sbr. *Didache* 10.2) og hér ber að hafa í huga að þakkarákallið yfir gjöfum Drottins er kjarni kvöldmáltíðarsakramentisins vegna þess að það skapar trúna í hjarta mannsins og trúin frelsar. Í textanum í Jóel er einnig vísað í dóminn og uppgjórið við mótstöðumenn hinna útvöldu. Lokadómur og endurkoma Drottins eru grunnþemu í sakramentisguðfræðinni. Þessi guðfræði er römmuð inn annars vegar með áherslunni á að sérhver sem ákallar nafn Drottins og þakkar gjafir hans muni frelsast og hins vegar með vísuninni í lokatíma og uppgjör.

Um mikilvægi einingar kirkjunnar fjallar Jesús þegar hann biður fyrir lærisveinum sínum og hinum trúuðu: „að allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér, svo séu þeir einnig í okkur, til þess að heimurinn trúí, að þú hefur sent mig.“ (Jóh 17.21) En áður en

³² Athyglisvert er að Jesús kemur ekki til dómsins með þreskipinna eins og Ósiris hinn egypski heldur laufstaf, sbr. laufstaf Arons sem var varðveittur í sáttmálsörkinni eins og sést á keltneskum dómsdagsmyndum, sjá Françoise Henry, *Irish Art during the Viking Invasions, 800–1020 A.D.*, New York: Ithaca, 1967, bls. 166.

³³ Harald Riesenfeld, „Das Brot“, bls. 143.

Það verður mun hið hræðilega gerast eins og Jesús segir við innreiðina í Jerúsalem þar sem hann vitnar í Sakaríá spámann, Drottinn mun slá hirðinn og hjörðin tvístrast. (Matt 26.31)

Í Esekíel 34.5–6 og 15–16 er rætt um hirðinn sem elskar hjörð sína og er reiðubúinn að fórna sér fyrir hana:

„Fé mitt tvístradist þar sem hirðir var enginn og það varð villidýrum að bráð. Fé mitt tvístradist og rásaði um öll fjöll og alla háa hóla. Sauðirnir úr hjörð minni dreifðust um allar jarðir en enginn spurði um þá og enginn leitaði þeirra...Ég mun sjálfur halda fé mínu til beitar og sjá því fyrir hvíldarstað, segir Drottinn Guð. Ég mun leita þess sem villist og sækja hið hrakta, binda um hið limlesta og styrkja hið veikburða. Ég mun gæta hins feita og þróttmikla og halda því í haga eins og rétt er.“

Jesús gengur inn í þetta hlutverk sem góði hirðirinn: „Sannlega, sannlega segi ég yður: ég er dyr sauðanna. Allir þeir, sem á undan mér komu, eru þjófar og ræningjar, enda hlýddu sauðirnir þeim ekki. Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig, mun frelsast, og hann mun ganga inn og út og finna haga. Þjófurinn kemur ekki nema til að stela og slátra og eyða. Ég er kominn til þess, að þeir hafi líf, líf í fullri gnæð. Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina.“ (Jóh 10.7–11)

Ljóst er að vísanirnar í vín Davíðs og brauðið í 9.2 og 9.4 fjalla um sakramentis-samfélagið. Sú síðari gengur út á að safna hinum trúuðu saman úr dreifingarástandi víðs vegar að, jafnvel frá endimörkum jarðar. Kristur er góður hirðir sem safnar sauðum sínum saman, söfnuðinum, hinum útvöldu og af því að hann er kærleiksríkur þá er hann tilbúinn að fórna sér fyrir hana. Þegar hann braut brauðið í síðustu kvöldmáltíðinni með lærisveinum sínum sagði hann: „Þetta er minn líkami.“

Í hinni einkennilegu líkingu í 9.4 koma saman atriði sem vísa í brauð og söfnuð, en í sakramentinu um líkama Krists ganga þær upp, en til þess að svo megi verða þurfum við einnig á þriðja sjónarhorninu að halda. Harald Riesenfeld bendir einnig á að það sé eitthvað í þessu myndmáli sem ekki gangi upp.³⁴ Við þurfum því að leita betur að undirliggjandi mótífi. Að mínu mati er það að finna í frásögninni af manna í annarri bók Móse.

Manna, brauð af himni

Þegar hungrið svarf að á eyðimerkurgöngunni mögðu Ísraelsmenn gegn Móse og virtust ekki lengur frelsinu jafn fegnir og í upphafi ferðar. Þeir létu hugann reika til baka til kjötkatla og bakaríá Egyptalands, en Guð greip inn í rás sögunnar með því að miskunna sig yfir þjóð sína og senda þeim bæði kjöt (akurhænur) og brauð af himni (2Mós 16). Þeir gátu safnað því saman að morgni, en Guð setti strangar reglur um þá söfnun og það magn sem hverjum og einum var úthlutað. Vissulega var eyðimörkin ekki bara gróðursnauð sandslétt þannig að manna gæti hafa fallið á hæðir og fjöll og verið safnað þar saman til björgunar lýðnum. Orðasambandið *ἐπάνω τῶν ὀρέων*, „á fjöllum“ á grísku, getur einnig þýtt „handan fjallanna“ og það þarf ekki að gera þetta merkingarsvið minna marktækt vegna þess að á eyðimerkurgöngu sinni vissu Ísraelsmenn að þeir áttu von á manna næsta dag, handan fjallanna, ef þeir héldu áfram. Mannað gátu þeir ekki hamstrað og haft með sér því það mygladi og skemmdist nema það sem Drottinn Guð mælti svo fyrir um við Móse að skyldi safnað saman í eitt ker til þess að varðveita handa komandi kynslóðum (2Mós 32–36).

³⁴ Harald Riesenfeld, „Das brot“, bls. 145.

Gyðingar báru með sér þessa frásögn úr eyðimerkurgöngunni og vísuðu oft til hennar. Sjálfur líkir Kristur sér við hið himneska brauð frá Guði, en ekki það sem veitti magafylli heldur hinu, hinu hulda manna, sem varðveitt var til framtíðar. Því var *safnað saman í eitt* ker og hefðin hefur gert það að gullkeri því það var varðveitt í því allrahelgasta, í samfundatjaldinu, og þegar þar að kom, í sjálfri sáttmálsörkinni ásamt sáttmálstöflunum og laufstaf Arons. Til þess er vísað í Heb 9.4 og Opb 2.17.

Í framhaldi af mettnarfrásögn Jóhannesarguðspjalls er Jesús að útskýra fyrir fólkinu hvað táknið þýðir því það hafði haldið að hér væri um að ræða mat til magafyllingar. En Jesús er ekki þannig brauð. Mannað í gullkerinu er tákn, sakramenti hins eilífa lífs, sem sagt andleg fæða. Í þessa andlegu fæðu er vitnað í *Didache* 10.3 eftir að talað hefur verið um fæðuna sem mettar magann og sem einnig ber að þakka fyrir. En sú fæða sem neytt er í sakramentinu er hin andlega fæða sem vísar í trú, þekkingu og hið eilífa líf.

Sérfræðingar hafa bent á tengsl *Didache* við Jóhannesarguðspjall.³⁵ Frásögnin af því þegar Jesús mettar þúsundirnar með nokkrum brauðum og fiskum hefur beina skírskotun til kvöldmáltíðarsakramentisins. Í Jóhannesarguðspjalli er það beinlínis tekið fram að táknið hafi átt sér stað á fjalli. Í þessu sambandi er vert að skoða muninn á grísku sögnunum *διασπειρω*³⁶ og *διασκορπιζω*. Sú síðari, sem notuð er í 9.4, er aldrei notuð í Biblíunni um það að dreifa sáðkorni,³⁷ en iðulega þegar um er að ræða að hjörð tvístrist (Jóh 10.12; Jóh 16.32; Mrk 14.27; Matt 25.24).

Eftirfarandi kaflar úr sjötta kafla Jóhannesarguðspjalls eru ígildi frásagnar samstofnaguðspjallanna af síðustu kvöldmáltíðinni:

6.11–12: Nú tók Jesús brauðin, gerði þakkir og skipti þeim út til þeirra sem þar sátu og eins af fiskunum, svo mikið sem þeir vildu. Þegar fólkið var orðið mett segir Jesús við lærisveina sína: „Safnið saman leifunum svo ekkert spillist.“

6.33–35: „Brauð Guðs er sá sem stígur niður af himni og gefur heiminum líf.“ Þá sögðu þeir við hann: „Drottinn, gef okkur ætíð þetta brauð.“ Jesús sagði þeim: „Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir.“

6.48–51: „Ég er brauð lífsins. Feður ykkar átu manna í eyðimörkinni en þeir dóu. Þetta er brauðið sem niður stígur af himni. Sá sem etur af því deyr ekki. Ég er hið lifandi brauð sem steig niður af himni. Hver sem etur af þessu brauði mun lifa að eilífu. Og brauðið er líkami minn sem ég gef heiminum til lífs.“

Jesús blessar vissulega brauðin fimm og fiskana tvo og þeim er deilt út til þeirra sem á hann hlýddu og allir fengu nægju sína. Að máltíðinni lokinni er leifunum safnað saman, að vísu ekki í eina körfu eða eitt ker eins og mannanu, sem varðveitt var í sáttmálsörkinni, heldur tólf, en einingin er samt sem áður staðfest hér enda voru postularnir sem mynduðu kjarnann í kirkjunni tólf.

Predikunin á fjallinu

Nú tel ég að við höfum það sem kalla mætti lykilinn að hinu sérkennilega orðalagi í *Didache* 9.4, en það er í stuttu máli Kristur sjálfur þegar hann predikar yfir lýðnum sem er mettur orðinn. Í sakramentinu er líkama hans neytt af söfnuði sem safnað er saman víða að. Þessi lykill er smíðaður úr fjórum merkingarsviðum en af þeim er mettnarfrásagan mikilvægust og þaðan er tenging yfir í þakkarbænirnar í kafla 10 (v. 2 og 3). Holdtekjan og

³⁵ Sama heimild, bls. 140 og C.F.D. Moule, „A Note on Didache IX,4“, *Journal of Theological Studies*, 2/1955, bls. 240–242.

³⁶ *διασπειρω* er samstofna *diaspora*, þ.e. gyðingar í útleið, dreifðir meðal annarra þjóða.

³⁷ En hana má sem best nota til að lýsa brauðmolum sem liggja á tvíst og bast eftir að þúsundirnar hafa borðað nægju sína og skilið leifarnar eftir, sjá C.F.D. Moule, „A Note“, bls. 242.

predikun Jesú eru í þessari mynd. Þegar Jesús predikar er hann að *sá fagnaðarerindinu í hjörtu ábeyrenda sinna* og fyrir trúna skjóta orð hans rótum og margfaldast. Hér er verið að leggja grunninn að uppskerunni, þ.e. kirkjunni. Söfnuðurinn, kirkjan, verður til vegna Orðsins sem var til í upphafi og holdgaðist og fagnaðarerindisins sem Kristur predikar. Frumsöfnuðirnir voru með þessa guðfræði á hreinu.

Frásögnin af mannanu í 2Mós 16 skapar tengingu milli brotanna á fjallinu (*Didache* 9.4) og predikunar Jesú eftir mettunarundrið og vísar til Jesú sem góða hirðisins sem safnar saman tvístraðri hjörð. Kristur er hið lifandi orð sem steig niður af himni og hann fórnaði sér fyrir hjörðina og fyrir þessa fórn var henni safnað saman úr dreifingunni. Þegar Kristur braut brauðið og sagði: „Þetta er minn líkami“, dró hann saman kjarnann í þessum trúarlega veruleika frumsafnaðarins og þar með var óþarfi að vitna beint til innsetningarorðanna í *Didache*.

Samantekt og niðurstöður

Didache gefur innsýn í trúarhugsun gyðing-kristinna frumsafnaða sem mikil hreyfing hefur verið á og mikið hefur verið um heimsóknir fólks úr öðrum söfnuðum. Hugsanlega má rekja bænirnar við kvöldmáltíðarsakramentið aftur fyrir postulafundinn í Jerúsalem og líklegt er að þær eigi sér rætur hjá spámönnum eða karismatískum leiðtogum sem hafa haft það hlutverk að biðja bænir yfir sakramentunum því ekki mátti grípa fram í fyrir þeim. Síðan hafa þær lifað eitthvað áfram vegna þess að þær skírskota til aðstæðna kristinna manna sem eru á flóttu eða á ferð og hafa ríka þörf fyrir samstöðu og kjölfestu í gyðing-kristinni hefð, t.d. eftir fall Jerúsalem árið 70.

Þrátt fyrir að innsetningarorð Jesú séu ekki rituð í *Didache* má ætla, og e.t.v. einmitt þess vegna, að orð Jesú yfir brauðinu sem brotið er í máltíðinni sé grunnþemað í *Didache* 9.4. Þar verður tilfærsla frá mettunarmótífinu yfir á hirðismótífið sem getur verið dulræns eðlis. Í þessari tilfærslu gegnir táknmyndin af gullkerinu með hinu himneska manna lykilhutverki.

Í mettunarfrásögunni í Jóhannesarguðspjalli útskýrir Jesús hlutverk sitt og það samfélag sem kirkjan er og þar er skírskotað í frásöguna af manna í eyðimörkinni. Guð mælti svo um við Móse að geyma skyldi gómer (um 3 lítra) af manna í sérstöku keru, sem hefð komst á að kalla gullker (Heb 9.4). Það var ásamt laufstaf Arons og sáttmálmstöflunum varðveitt í örkinni á helgasta stað musterisins í Jerúsalem. Í mettunarfrásögu Jóhannesarguðspjalls er einnig brauð í gnægð og það er tákn fyrir orð frelsarans, sem skjóta rótum í hjörtum hinna trúuðu og breiðast þaðan út til endimarka jarðar. Því sem eftir var af brauðinu var safnað saman á einn stað, í tólf körfur, sem er vísun í postulana tólf. Tilgátan sem sett er fram hér er að *þetta eina* (ἐγένετο ἓν) í 9.4 sé vísun í gullkerið í sáttmálsörkinni, sem þar er tákn fyrir kirkjuna.

Kristur er hið lifandi brauð sem niðursté af himni og gefur eilíft líf. Þegar hann predikar yfir þeim lýð, sem borðaði brauðið og varð mettur og heimtaði meira kemur það fram að hann er himneska brauðið sem gefur eilífa lífið (Jóh 6.32–51) — hið hulda manna, sem talað er um í Opinberunarbók Jóhannesar (2.17).

Þegar Opinberunarbókin talar um hið hulda manna (2.17) og ávexti trés lífsins (22.2) hnykkir hún enn frekar á þessu grunnstefi. Það er því ekki tilviljun að þakkarbæninni í lok kvöldmáltíðarinnar í *Didache* lýkur á sama hátt og Opinberunarbókin með bæn um að Jesús komi: *Maran atha*.